FLATASKÓLI

# Greinargerð með umsókn um grænfánann



**Janúar 2010**

# Efnisyfirlit

Inngangur ..... 3
Umhverfisnefndin ..... 3
Mat á stöðu umhverfismála og þróunin síðustu fimm árin ..... 3
Áætlun um aðgerðir og markmið ..... 9
Eftirlit og endurmat ..... 11
Fræðsla ..... 12
Kynning á umhverfismálum ..... 14
Umhverfissáttmálinn ..... 14
Lokaorð ..... 15

## Inngangur

Hér birtist greinargerð Flataskóla með umsókn um endurnýjun grænfánans. Skólinn sækir nú um grænfánann í annað sinn. Í greinagerðinni verður fjallað um umhverfisnefnd skólans, gert grein fyrir á stöðu umhverfismála í skólanum og þróuninni síðustu árin, sagt frá áætlun um aðgerðir og markmið, fjallað um eftirlit og endurmat, fræðslu og kynningu á umhverfisstefnu skólans.

## Umhverfisnefndin

Í umhverfisnefnd Flataskóla eiga sæti tveir kennarar, aðstoðarskólastjóri, húsvörður, skólaliði, átta nemendur og fulltrúi foreldra. Nemendur eru valdir tveir úr hverjum árgangi frá 4. – 7. bekk (erum ekki með unglingastig). Fulltrúi foreldra er valin af foreldrafélagi skólans. Nefndin hittist að jafnaði þrisvar sinnum yfir skólaárið. Á fundum hefur verið farið yfir stöðu umhverfismála í skólanum hverju sinni og áhersla lögð á virkni nemenda. Fundargerðir eru vistaðar á heimasíðu skólans.



Frá fundi umhverfisnefndar

## Mat á stöðu umhverfismála og þróunin síðustu fimm árin

Flataskóli hefur síðustu ár lagt ríka áherslu á umhverfismál. Stórt skref var stigið á því sviði þegar sótt var um þátttöku í grænfánaverkefni Landverndar haustið 2005. Þá setti skólasamfélagið sér ný markmið til að stefna að. Í skólanum hefur verið unnið með skrefin sjö og gerðar úrbætur í umhverfisstarfi skólans bæði hvað varðar rekstur og umhverfismennt.

### *Skólaárið 2005-2006*

Í ágúst 2005 var formlega farið af stað í grænfánaverkefnið og nefnd skipuð til að vinna að undirbúningi umsóknar.

Áður en farið var að stað í verkefnið hafði pappír verið flokkaður á vinnuherbergi starfsmanna og í skólastofum. Skólaárið 2005-2006 var unnið að því að bæta eftirfarandi við:

- Litaður pappír flokkaður sérstaklega.
- Pappírsgámur pantaður og hafður í ruslageymslu.
- Kennarar hvattir til að endurvinna litaðan pappír og karton inni í stofum.
- Ákveðið var að leirtau yrði notað í stað pappadiska á bekkjarkvöldum og öðrum uppákomum í skólanum.

Strax um haustið 2005 var hafist handa við að flokka fernur í matsalnum. Sérstakri tunnu var komið fyrir undir fernurnar. Síðan var fernum safnað saman og farið með þær í endurvinnslu. Áður hafði í nokkur ár fernur verið flokkaðar í kennslustofum en nú var ákveðið að nemendur drykkju aðeins vatn úr glösum í kennslustofum og því væru fernur aðeins í notkun í matsalnum.

Til að minnka fernunotkun í skólanum var ákveðið að taka í notkun mjólkurkælivél frá Mjólkursamsölunni og að nemendur í mjólkuráskrift fengju mjólk afgreidda í glös. Mjólkurvélin kom í hús um áramótin og hefur því komið í stað mjólkurferna í matsalnum.

Á starfsdegi í janúar 2006 fóru allir starfsmenn Flataskóla í heimsókn í Sorpu í Gufunesi. Fengu þar starfsmenn sömu fræðslu og nemendur fá þegar þeir heimsækja Sopru. Markmið þeirrar ferðar var að fræða starfsmenn um starfsemi Sorpu, flokkun úrgangs og endurvinnslu. Einnig var skoðuð móttöku- og flokkunarstöðin í Gufunesi. Starfsemi stöðvarinnar var útskýrð fyrir starfsmönnum og þeir sáu með eigin augum hvernig vinnslu á úrgangi er háttað.

Starfsmenn skólans hafa verið hvattir til að passa uppá orkuneyslu skólans. Þetta áttu kennarar að sjá um að kynna fyrir nemendum. Hvatt var til að slökkt yrði í kennslurýmum og öðrum vinnurýmum þegar þau væru ekki í notkun. Í tengslum við það voru keyptir borðlampar fyrir kennara og eru þeir staðsettir á kennaraborðum í öllum kennslustofum.

Námsefni í umhverfismennt var flokkað eftir árgöngum. Námsefnið var síðan sett inn í Námsvísa skólans haustið 2006.

Á umhverfisdeginum 25. apríl 2006 fengu allir kennarar glærusýningu um flokkun og umhverfismennt sem þeir voru hvattir til að kynna nemendum og fá umræður í bekkjunum og vekja þá til umhugsunar. Einnig var tekið saman námsefni, bækur og myndbönd sem kennarar voru hvattir til að nota.

Um vorið 2006 fór umhverfisnefnd skólans í heimsókn í Öldutúnskóla, en skólinn hefur fengið Grænfánann. Kynnti nefndin sér fyrirkomulag umhverfismála þar og fékk góðar hugmyndir fyrir áframhaldandi starf.

### *Skólaárið 2006-2007*

Strax í skólabyrjun var farið yfir stöðuna í umhverfismálum með starfsmönnum. Upprifjun var á reglunum um flokkun pappírs. Einnig voru fastsettar reglur um að nemendur kæmu alls ekki með jógúrt eða drykkjarfernur í morgunhressingu, sem er milli kl. 9:00 og 10:00 á morgnana. Þetta var einnig kynnt foreldrum á haustkynningarfundum. Nemendur koma því með ávexti og grænmeti í morgunhressingu og drekka vatn úr sínum glösum. Eru allir hvattir til að koma með það nesti í nestisboxum.

Þá var ítrekað að gæðapappír yrði settur í bláa endurvinnslukassa í kennslustofum og jafnframt var bætt grænum endurvinnslukössum í kennslustofurnar fyrir dagblöð og tímarit.

Skúffur undir lituð karton og pappír voru settar á vinnuherbergi starfsmanna. Einnig var þar komið fyrir bökkum undir heil hvít blöð og hvítar afklippur.

Vaskur var settur í matsal og við hann fest skæri í keðjum. Ef afgangur er í fernum geta nemendur klippt á fernuna og hellt honum í vaskinn.


Skipað var í umhverfisnefnd nemenda. Fulltrúar í nefndinni voru þá einn nemandi úr hverjum 5.- 7. bekk, alls átta nemendur. Verkefni nefndarinnar fyrsta árið var:

- Í upphafi var umhverfisstefnan kynnt fyrir nemendum.

- Fulltrúar nemenda í umhverfisnefndinni kynntu fyrir bekkjarfélögum sínum vinnureglur í tengslum við flokkun og endurvinnslu.
- Hafist var handa við að útbúa spjöld til að minna á endurvinnslu pappírs- og orkusparnað. Nemendur í umhverfisnefndinni unnu spjöldin sjálf í tölvu og plöstuðu síðan. Að lokum hengdu þeir spjöldin í allar kennslustofur.
- Nemendur sáu um eftirlit með flokkun inni í kennslustofum. Komið var fyrir sérstökum gátlista í stofum þar sem merkt var við í hverri viku hversu vel var flokkað í stofunni. Umhverfisnefndin tók að sér eftirlit og merkti við með sérstökum límmiðum hvort flokkuninni væri vel sinnt (grænn límmiði), henni væri ábótavant (gulur límmiði) eða væri afleit (rauður límmiði). Í lok tímabilsins fengu síðan þeir bekkir sem höfðu alltaf fengið grænan límmiða íspinnaveislu.

Í mars 2006 var útbúin sérstök undirsíða á heimasíðu skólans, www.flataskoli.is. Þar koma fram upplýsingar um grænfánaverkefnið, markmið, fundargerðir o.fl.

Í maí 2007 var haldin hönnunarsamkeppni um umhverfismerki Flataskóla. Keppt var um hönnun og útfærslu á besta umhverfismerkinu. Alls bárust 406 myndir í samkeppnina. Myndirnar voru hengdar upp í hátíðarsal og héngu þar í 5 daga á meðan allir nemendur höfðu atkvæðisrétt og kusu um hvaða mynd þeim fannst hæfa best sem umhverfismerki Flataskóla. Þá voru úrslitamyndirnar hengdar upp í hátíðarsal og kusu nemendur aftur. Vistor í Garðabæ styrkti hönnunarsamkeppnina og voru veitt peningaverðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin. Erla Ylfa Óskarsdóttir, nemandi í 7. bekk lenti í fyrsta sæti og á því heiðurinn að umhverfismerki Flataskóla.



Umhverfismerki skólans

### *Skólaárið 2007-2008*

Strax að hausti var skipað í umhverfisnefnd. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar nemenda í 5. – 7. bekk, alls átta nemendur, fulltrúi foreldra, skólaliði (sér einnig um ræstingu), húsvörður, tveir kennarar og aðstoðarskólastjóri. Fundargerðir eru vistaðar á heimasíðu skólans.

Metin hefur verið staða umhverfismála í skólanum og fylltur út gátlisti. Gerð hefur verið áætlun um það sem þarf að bæta og má þar helst nefna að betur þarf að huga að þeim ræstingarvörum sem notaðar eru í skólanum.

Unnið hefur verið að því að tryggja fræðslu um umhverfismennt í öllum árgöngum skólans svo nemendur fái markvisst nám í samræmi við þema skólans. Skipulögð útikennsla var sett fast inn á stundaskrá hjá 1. – 3. bekk.

Unnið var, í samstarfi við garðyrkjudeild Garðabæjar, að skipulagi og undirbúningi útikennslustofu í nágrenni skólans.

Allir nemendur skólans komu að umhirðu á skólalóð, tína rusl, sópa og hirða beð. Hver umsjónarhópur á sitt ákveðna svæði sem hópurinn ber ábyrgð á yfir skólaárið.

Haustið 2007 var settur umhverfissáttmáli skólans. Hann var unnin af umhverfisnefnd skólans, kynntur starfsmönnum og birtur á heimasíðu skólans.

Í október 2007 sótti skólinn formlega um grænfánann og fékk jákvætt svar. Afhending var fyrirhuguðu 14. desember og ætlaði þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir að vera viðstödd hana. Ekkert varð af afhendingunni þann dag vegna mikils óveðurs sem gekk yfir landið. Það var því ekki fyrr en föstudaginn 25. janúar 2008 sem fram fór afending grænfánans við hátíðlega athöfn í Flataskóla. Gestir við athöfnina voru Rannveig Thoroddsen og Björgólfur Thorsteinsson frá Landvernd, Páll Hilmarsson formaður skólanefndar Garðabæjar, Margrét Björk Svavarsdóttir forstöðumaður fræðslu-og menningarsviðs Garðabæjar og Erla Bil Bjarnadóttir garðyrkjustjóri Garðabæjar.

Afhendingin fór fram í hátíðarsal skólans og voru allir nemendur og starfsmenn viðstaddir.
Kynnir var Guðmundur Ásgeir Guðmundsson nemandi í 5. bekk. Dagskráin var eftirfarandi:

1. Ávarp skólastjóra – Sigurveig Sæmundsdóttir.
2. Kórskóli Flataskóla, nemendur úr 3. og 4. bekk sungu undir stjórn Hjördísar Ástráðsdóttur, tónmenntakennara.
3. Ávarp nemendafulltrúa í umhverfisnefnd - Sigrún Perla Gísladóttir og Karítas Rán Garðarsdóttir í 6. bekk.
4. Stompatriði – ásláttur á endurnýtta hljóðgjafa – nemendur úr 6. bekk fluttu undir stjórn Hjördísar Ástráðsdóttur, tónmenntakennara.



Stompatriði nemenda

5. Ávarp fulltrúa frá Landvernd og afhending grænfánans. Nemendafulltrúar í umhverfisnefnd tóku við fánanum ásamt verkefnastjórn.
6. Umhverfisnefnd fór með grænfánann út að fánastöng og þar sem hann var dreginn að húni að viðstöddum nemendum og gestum.

Að lokinni athöfn fengu allir nemendur grænan frostpinna til að gæða sér á í tilefni dagsins.



Grænfáninn dreginn að húni í fyrsta sinn í Flataskóla

***Skólaárið 2008-2009***

Í byrjun skólaárs var farið af stað með þróunarverkefni um útikennslu í Flataskóla. Vorið 2008 fékk Flataskóli styrk úr Þróunarsjóði grunnskólans til að hefja verkefnið *Útikennsla í Flataskóla*. Stýrihópur var skipaður um verkefnið sem ásamt skólastjórnendum heldur utan um verkefnið.

Fræðsla til starfsmanna var í því fólgin að Auður Pálsdóttir aðjúnkt við HÍ kom í Flataskóla og var með faglegan fyrirlestur um útikennslu fyrir kennara en einnig komu Gunnar Börkur Jónasson og Hlín Helga Pálsdóttir í skólann og voru með kynningu á ýmsu hagnýtu varðandi útikennslu. Hlín Helga kynnti einnig stígagerð sem er mjög áhugaverð.

Flataskóli er vel staðsettur hvað útikennslu varðar. Það er stutt í náttúruna en einnig í bæinn og hafa kennarar nýtt sér það vel hvort heldur sem er til að telja bíla, gera hraðamælingar, skoða skordýr, huga að umhverfinu eða eitthvað annað af þeim fjölmörgu verkefnum sem hægt er að vinna í tengslum við útikennslu.



Nemendur baka brauð í Vigdísarlundi

Í Vigdísarlundi (við Stekkjarflöt) er búið að koma upp útieldunaraðstöðu. Nemendur í 3. bekk (2007 - 2008) uppkvistuðu greinar í Vigdísarlundi og gerðu þannig rými svo að koma mætti aðstöðunni upp. Fengnir voru trjábolir frá garðyrkjudeild Garðabæjar og komu nemendur þeim fyrir í lundinum. Starfsmenn frá áhaldahúsi Garðabæjar komu svo haustið 2008 og aðstoðuðu við verkið, að koma steyptu röri niður til að gera grill og setja möl í botninn til að koma í veg fyrir drullusvað. Einnig er búið er að setja upp útibekki í svokölluðum Furulundi á skólalóð skólans. Það auðveldar að taka á móti hópi nemenda og halda utanum hann og hentar vel til að leggja inn verkefni.

Skólaárið 2008-2009 vann teymið að því að koma upp aðstöðu fyrir útikennsluna og fengu til þess eina geymslu í skólanum. Þar er nú dót sem tengist útikennslunni geymt svo að það sé aðgengilegt fyrir alla. Töluvert hefur bæst í geymsluna á árinu af dóti sem nýtist vel í útikennslu en stefnan er að þar verði enn meiri fjölbreytni. Á innra neti skólans er einnig mappa fyrir útikennslu og þar er því safnað saman sem er á rafrænuformi.

Á vordögum 2009 var innanhúsþing um útikennslu í skólanum og þar kynntu kennarar hver fyrir öðrum verkefni sem þeir höfðu unnið í útikennslu. Innanhúsþingið heppnaðist mjög vel og fram komu margar góðar hugmyndir sem kennarar geta nýtt sér og útfært fyrir sína nemendur. Augljóst er að margir hverjir hafa sinn útikennslunni af kostgæfni og nemendur almennt ánægðir með þau verkefni sem hafa verið unnin utandyra.

Kennarar skólans hafa sótt námskeið á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur.



Starfsmenn Flataskóla á útikennslunámskeiði í Noregi og læra að tálga með aðstoð frá norskum nemanda

***Skólaárið 2009-2010***

Í ágúst 2009 fóru starfsmenn Flataskóla í námsferð til Noregs og sóttu þar m.a. útikennslunámskeið í norskum skóla. Var sú ferð mjög lærdómsrík og skilaði sér í fjölbreyttum verkefnum fyrir nemendur strax í byrjun skólaárs.

Í október 2009 var fylltur út gátlisti um stöðu umhverfismála í skólanum (sjá meðfylgjandi fylgiskjal). Það voru fulltrúar kennara og stjórnenda í umhverfisnefnd sem sáu um það. Þar kemur fram að margir hlutir eru í mjög góðu lagi og ýmislegt hefur verið bætt frá því síðast þegar listinn var fylltur út.

Nemendur í 3. bekk settu upp fuglafóðrara í tré á skólalóð í nóvember. Það er hluti af Comeniusarverkefni sem unnið er á yngra stigi.



Nemendur í 3. bekk setja upp fuglafóðrara í tré á skólalóð

Farið var yfir markmið skólans í umhverfismálum og ný markmið sett fram um áframhaldandi starf í skólanum.

Nemendur í umhverfisnefnd skipulögðu kynningu fyrir samnemendur um umhverfismál. Kynningin er fyrirhuguð í febrúar og munu nemendur fara í alla bekki í 1. – 6. bekk.

Í janúar 2010 var gengið frá umsókn til Landverndar um endurnýjun grænfánans.

## Áætlun um aðgerðir og markmið

Nokkuð vel hefur gengið að framfylgja markmiðum umhverfisstefnu skólans og hafa orðið heilmiklar framfarir á mörgum sviðum. Umhverfisnefndin er virk í eftirliti með því hvort farið sé eftir umhverfisstefnunni.

Dregið hefur úr pappírsnotkun í skólanum og eru nemendur og kennarar hvattir til að endurnýta pappír eins og kostur er svo sem með því nota pappír úr endurvinnslukassa. Kennarar ljósrita báðum megin á blöð ef kostur er og ljósrita ekki að óþörfu. Litaprentari er notaður í lágmarki og hefur aðeins ritari skólans heimild til að prenta út í lit fyrir starfsmenn. Þá fara skilaboð, heim til nemenda, oftast í tölvupósti og upplýsingar eru birtar á heimasíðu svo sem námsvísar, skóladagatal o.fl. Í hverri skólastofu er kassi fyrir pappír sem ljósritunarpappír er safnað í. Sama á við í öðrum rýmum skólans. Pappírnum er skilað til endurvinnslu. Samskipti við heimili fara að miklu leiti fram í gegnum tölvupóst.

Nemendur koma ekki með fernudrykki í skólann en drekka vatn í margnota glösum sem geymd eru í skólanum. Þeir nemendur sem koma með drykki að heiman eru hvattir til að koma með þá í endurnýtanlegum umbúðum s.s. brúsum. Einnig geta nemendur keypt áskrift í mjólk sem þeir sækja í mjólkurkælivél í matsalnum.

Í mötuneyti skólans er boðið upp á vatn með matnum. Nemendur og starfsmenn eru hvattir til að drekka vatn. Allir nemendur eru með vatnsbrúsa eða glas í skólanum. Vatnsvél var sett upp á kaffistofu starfsmanna haustið 2004 og eru starfsmenn hvattir til að koma með sinn eigin brúsa. Einnig hafa allir starfsmenn sín eigin drykkjarmál sem þeir geta geymt óþvegin á milli kaffitíma og er það gert til að draga úr notkun uppþvottavélar. Þá hefur verið lögð

áhersla á það að nota ekki einota pappamál eða pappadiska í skólanum. Því var fjárfest í glösum, hliðardiskum og kaffibollum til að nota á bekkjarkvöldum og slíkum uppákomum.
Áhersla hefur verið lögð á það að flokka úrgang og minnka rusl. Í því sambandi hefur eftirfarandi verið sett fram, starfsmönnum til glöggvunar og til að tryggja að vel sé farið eftir því:

**Í kennslustofum** (húsvörður sér um að losa)
- Grænn kassi fyrir hvíta pappírsafklippur
- Blár kassi fyrir dagblöð og tímarit (fer í endurvinnslu hjá Sorpu)
- Fata fyrir blandað sorp (skólaliðar losa í ruslagám)

**Á vinnuherbergi starfsmanna**
- Tunna fyrir hvítan pappír (fer í endurvinnslu gæðapappírs hjá Sorpu – húsvörður sér um að losa)
- Tunna fyrir rusl annað en hvítan pappír (fer í gám fyrir blandað sorp)
- Skúffuskápur fyrir litaða pappírsrenninga og afklippur af kartoni (endurnýtt í kennslustofum)
- Bakkar fyrir afgangs ljósritunarpappír til að endurnýta (prentað á aðra hliðina)
- Bakki fyrir hvíta pappírsrenninga (endurnýtt í kennslustofum)
- Grænn kassi fyrir blöð og tímarit (húsvörður sér um að losa)

**Flokkunarstöð í geymslu**
- Pappírsgámur fyrir skrifstofupappír, hvítar afklippur (fer í endurvinnslu gæðapappírs hjá Sorpu)
- Dagblöð og tímarit (fer í endurvinnslu hjá Sorpu)
- Fernur og umbúðir úr sléttum pappír (fer í endurvinnslu hjá Sorpu)
- Bylgjupappi (fer í endurvinnslu hjá Sorpu)
- Spilliefni (hreinsiefni, málning, lím, þynnir, bón, terpentína, lyf, lakk, stíflueyðir)

**Í starfsmanneldhúsi**
- Málmur (niðursuðudósir, sprittkerti, álpappír – húsvörður fer með í Sorpu)
- Gler (glerkrukkur, glerbrot, flísar – húsvörður fer með í Sorpu)
- Skilagjaldskyldar umbúðir (flöskur – dósir)

**Í heimilisfræðistofu**
- Málmur (niðursuðudósir, sprittkerti, álpappír – húsvörður fer með í Sorpu)
- Gler (glerkrukkur, glerbrot, flísar – húsvörður fer með í Sorpu)
- Eggjabakkar (notaðir í skólanum)

**Í kennslubókageymslu**
- Kertaafgangar (endurnýttir í kertagerð í list- og verkgreinum)

**Hjá húsverði**
- Rafhlöður (flokkað til Sorpu)

**Ruslagámur** á skólalóð (Gámaþjónustan)
- Blandað sorp sem er urðað hjá Sorpu

Haustið 2007 var ákveðið að gera átak í að draga úr rafmagnsnotkun í skólanum. Lesljós eru á öllum kennaraborðum í kennslustofum. Þá hafa verið hengdir miðar við alla slökkvara í skólanum til að minna okkur á að slökkva ljósin. Sama á við um ofna í kennslurýmum og á göngum.

Nemendur hafa hreinsað skólalóðina frá 2005. Hver bekkur á sitt svæði og í hverri viku fer einn bekkur út að hreinsa skólalóðina. Gúmmíhanskar, áhöld og pokar eru geymdir á ákveðnum stað í skólanum. Ákveðið skipulag um það hvenær hver bekkur á að hreinsa hangir uppi á töflu í starfsmannarými.

Umhverfisnefnd skólans vann saman að því í september 2009 að setja fram ný markmið varðandi áframhaldandi vinnu í grænfánaverkefninu. Markmiðin voru sett með þátttöku nemenda sem eru fulltrúar í umhverfisnefndinni. Umhverfismarkmið skólans eru:

1. Draga úr rafmagnsnotkun
2. Auka útikennslu og útiveru nemenda
3. Auka fræðslu í umhverfismennt
4. Draga úr pappírsnotkun og flokka þann pappír sem til fellur
5. Ganga vel um umhverfið og hreinsa skólalóð

Þegar gáttlisti um umhverfismál var fylltur út í október síðastliðnum kom í ljós að það var margt sem vel var gert og hafði áunnist í umhverfismálum í skólanum. Þó voru nokkur atriði sem betur mættu fara og má þar helst nefna að það þyrfti að koma upp upplýsingatöflu þar sem hægt væri að birta helstu fréttir af umhverfismálum í skólanum. Sú tafla þyrfi að vera staðsett þannig að upplýsingar væru sýnilegar öllum í skólasamfélaginu. Einnig þarf að leggja frekari áherslu á að starfsmenn noti inniskó, margir eru á útiskóm inni. Allir nemendur fara úr útiskóm og ganga á sokkaleistunum eða í inniskóm inni í skólanum. Betur mætti einnig fara yfir ljós í kennslustofum og e.t.v. fækka perum í ljósastæðum. Þá væri gott að koma upp skiltum úti á skólalóð við bílastæðin um lausagang bifreiða þ.e. að beina þeim tilmælum til ökumanna að drepa á bílvél á meðan beðið er. Þá þyrfti að hrinda því í framkvæmd að koma upp matjurtargarði á skólalóðinni sem nemendur sæu um að rækta í. Eins væri gott að koma upp rifsberjarunnum og/eða öðrum berjarunnum á skólalóðinni.



Nemendur við berjasöfnun að hausti

## Eftirlit og endurmat

Staða umhverfismála í skólanum er metin árlega. Farið er yfir umhverfisgátlistann og skoðað hvað hefur áunnist og hvað mætti betur fara. Það er verkefnisstjórn sem sér um að fara yfir gátlistann

## Fræðsla

Útikennsla og fræðsla um umhverfismál eru samofin og rík hefð er fyrir því í Flataskóla að fara í ýmsar vettvangsferðir. Í tengslum við þær fræðast nemendur um umhverfismál. Fastur liður í skólastarfinu er að taka fyrir eitthvað þema tengt umhverfismálum í tengslum við dag umhverfisins 25. apríl ár hvert.

Ýmis skemmtilegt umhverfisverkefni hafa fests í sessi í skólastarfinu. Dæmi um slíkt er Vífilsstaðaverkefnið sem unnið hefur verið í Flataskóla frá haustinu 2000. Nemendur í 6. bekk læra þar um lífríkið í og við Vífilsstaðavatn og fara í vettvangsferð þar sem þeir skoða umhverfið, taka sýni úr vatninu og Vífilsstaðalæk, greina plöntur í umhverfinu og átta sig á örnefnum.



Lífríki Vífilsstaðavatns

Nemendur í 4. bekk vinna verkefni um endurvinnslu þar sem þeir fræðast m.a. um flokkun á sorpi, mengun sem getur fylgt því og gildi þess að ganga vel um umhverfið. Hluti af fræðslunni fer fram í vettvangsferð í Sorpu. Einnig hafa nemendur í 4. bekk sett niður kartöflur að vori og tekið þær upp að hausti þegar þeir byrja í 5. bekk. Nemendur í 5. bekk fara í gróðursetningaferð að vori þar sem þeir fræðast um gildi þess að sinna landgræðslu.



Nemendur í 4. bekk setja niður kartöflur

Hér koma nokkur dæmi um ýmsar vettvangsferðir nemenda í Flataskóla sem fests hafi í sessi síðustu árin. Ef því verður við komið er farið gangandi eða á hjólum annars er ferðast með strætisvagni. Það er aðeins í lengri ferðum, utan strætisvagnaleiða sem rútur eru nýttar.

**1. bekkur:** Ferð í Heiðmörk og gengið á hæðina Gunnhildi. Ferð í miðborg Reykjavíkur þar sem nemendur skoða helstu kennileiti. Ferð á Árbæjarsafnið. Gönguferðir í nágrenni skólans og farið í fjöruna við Arnarnesvog.

**2. bekkur:** Gönguferðir í nágrenni skólans, fjöruferð, hjólaferð. Þjóðminjasafnið heimsótt. Skoðunarferð í alþingishúsið. Gönguferð í Búrfellsgjá.

**3. bekkur:** Fjöruferð og gönguferð á Slökkvistöðina í Hafnarfirði. Mjólkursamsalan heimsótt og farið í sveitaferð. Gengið á Úlfarsfell.

**4. bekkur:** Þjóðminjasafnið heimsótt, Sorpa skoðuð í tenglum við fræðslu um umhverfis- og sorpmál. Ferð á safnasvæðið á Akranesi. Farið í nokkrar göngu- og skoðunarferðir í nágrenni skólans svo og hjólaferð og ratleik. Settar niður kartöflur í skólagörðum í samstarfi við garðyrkjudeild Garðabæjar og síðan eru kartöflurnar teknar upp að hausti þegar nemendur byrja í 5. bekk.

**5. bekkur:** Landnámssýning í Þjóðminjasafninu og í Aðalstræti, gönguferð í Garðabæ, heimsókn í Rafheima. Gengið á Helgafell. Þá gróðursetja nemendur trjáplöntur á hverju vori í samstarfi við Garðyrkjudeild.



**6. bekkur:** Útikennsla við Vífilsstaðavatn, Sögusýningin í Perlunni í tengslum við Snorrasögu. Nemendur taka þátti verkefninu Vinnumorgunn í Húsdýragarðinum. Gengið á Keili og vorferð að Reykholti þar sem nemendur fá leiðsögn um fræðasetrið Snorrastofu og síðan í sund.

**7. bekkur**: Ferð að Gljúfraseini heimili Halldórs Laxness í tengslum við ljóðakennslu. Vikuferð að Reykjum í Hrútafirði þar sem mikil áhersla er lögð á umhverfis og útikennslu. Gengið á Esjuna.

Umhverfismennt er hluti af námskrá allra árganga skólans og samþætt ýmsum námsgreinum þegar við á. Sem dæmi þá fer fram margháttar fræðsla í heimilisfræði þar sem fjallað er um umhverfis- og endurvinnslumerki, auglýsingar og slysahættu, flokkun á sorpi og moltugerð svo eitthvað sé nefnt.

Kennarar og starfsfólk er meðvitað um gildi umhverfismála og fræðir nemendur um gildi þess

í gegnum námsefni, s.s. í náttúrufræðikennslu, útikennslu og í heimilisfræði og þegar aðstæður bjóða upp á slíka fræðslu.

## Kynning á umhverfismálum

Umhverfismál skólans hafa verið kynnt á ýmsa vegu. Umhverfisstefnan hefur verið kynnt á heimasíðu skólans, í fréttabréfi skólans og á námskynningarfundum fyrir foreldra. Þá hefur einnig verið kynning fyrir fulltrúa í foreldrafélaginu og skýrsla umhverfisnefndar birtist á hverju ári í ársskýrslu skólans. Við skólasetningu hefur skólastjóri gert umhverfismálum hátt undir höfði og komið m.a. inn á það í ræðu sinni og umfjöllun hefur verið um umhverfismál í skólanum í bæjarblaðinu Garðapóstinum.



Nemendur í útikennslu í hrauninu í nágrenni skólans

## Umhverfissáttmálinn

Haustið 2007 var settur umhverfissáttmáli skólans. Hann var unnin af umhverfisnefnd skólans þ.e. starfsmönnum og nemendum. Umhverfissáttmálinn hefur verið kynntur öllum starfsmönnum og nemendum og birtur á heimasíðu skólans. Einnig hangir hann uppi á nokkrum stöðum í skólanum.

- Við göngum vel um skólann og umhverfi hans.
- Við förum vel með pappír, prentum hvorki né ljósritum meira en þarf og endurvinnum afgangs pappír.
- Við erum meðvituð um að það er aðeins ein jörð og að umgengni hvers og eins skiptir máli.
- Við gerum okkur grein fyrir að með flokkun er hægt að endurvinna og endurnýta ýmislegt sem annars færi í ruslið.
- Við viljum geta greint jákvæðan áróður frá neikvæðum.
- Við gætum þess að sóa ekki hreinlætis- og ræstingavörum og notum umhverfisvænar vörur eins og mögulegt er.
- Með samþættingu námsgreina er nemendum okkar kennd umhverfisvernd í öllum árgöngum skólans.

- Í samvinnu við heimilin vinnum við að því að efla ábyrga hegðun og umgengni við nánasta umhverfi og náttúru landsins.
- Við fáum tækifæri til að njóta útiveru og skynja náttúrufegurð.



Nemendur vinna með efnivið úr náttúrunni

## Lokaorð

Hér hefur verið stiklað á stóru um umhverfismál í Flataskóla og ljóst er að ýmislegt hefur áunnist í þeim málum síðustu árin. Við það að fylla út gátlista um stöðu umhverfismála í skólanum kom í ljós að margt er í góðu lagi og það sem betur má fara ætti að vera auðvelt að bæta. Áhersla verður því lögð á það að styrkja það sem vel er gert og bæta það sem er að. Mikill áhugi hefur verið fyrir grænfánaverkefninu í skólanum og höfum við í Flataskóla nú í tvö ár flaggað grænfánanum með stolti og vonumst til að geta gert það áfram næstu árin.

Garðabæ 25. janúar 2010

F.h. umhverfisnefndar Flataskóla

*Helga María Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri*